

Umhverfisstofnun
Hjalti J Guðmundsson
sviðsstjóri
Suðurlandsbraut 24
108 REYKJAVÍK


Garðabær, 06. júní 2011
2011050025/42-3
GG/KJ/TB
gg/tb

Rannsóknir við Arnarnesstrýtur Eyjafirði


Vísað er til bréfs frá Umhverfisstofnun, dags. 17. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna fyrirhugaðra rannsókna, sjá lýsingu í meðfylgjandi bréfi, innan friðlýsta svæðisins við Arnarnesstrýtur í Eyjafirði.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur farið yfir erindið og telur ekki ástæðu til að leggjast gegn því að leyfi sé veitt til framangreindra rannsókna en þó með skilyrðum. Náttúrufræðistofnun telur að þar sem allar togveiðar, netalagnir og línuveiðar eru bannaðar innan jaðarsvæðis strýtanna / náttúruvættisins þurfi að skoða sérstaklega notkun kafbáts við mælingar og hvort ekki megi afla upplýsinga með öðrum hætti. Til dæmis þarf að setja takmörk á hve báturinn má koma nálægt strýttunum verði það leyft, til að koma í veg fyrir slys, eða að alfarið verði notaðar aðrar aðferðir. Einnig þarf að setja skilyrði um að allur rannsóknabúnaður sé hreinsaður áður en hann er notaður á friðlýsta svæðinu svo lífverur berist ekki milli svæða. Jafnframt þarf að setja almenn skilyrði um að öll umgengni sé með þeim hætti að hún raski engu í náttúruvættinu.

Virðingarfyllst



Guðmundur Guðmundsson
staðgengill forstjóra



Trausti Baldursson

